

6. fundur skólanefndar kjörtímabilið 2022-2026 v/Undralands haldinn 24. apríl 2023 kl. 16:00

Mætt: Katrín Þorvaldsdóttir, formaður, Björgvin Viðar Jónsson og Halldóra Hjörleifsdóttir sem ritaði fundargerð. Einnig sóttu fundinn Ingveldur Eiríksdóttir leikskólastjóri, Valdís Magnúsdóttir fulltrúi starfsfólks, Ragnheiður Kjartansdóttir fulltrúi foreldra og Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri.

FUNDARSTAÐUR: UNDRALAND

DAGSKRÁ:

1. Skóladagatal.
2. Niðurstöður starfsmannakönnunar.
3. Skólanámskrá og starfsáætlun Undralands .
4. Sameiginlegir skólanefndarfundir leik-og grunnskóla.
5. Erindi til skólanefndar, bréf frá Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri um kynningu á fagháskólanámi í leikskólafræði .

Fundargögn:

Drög að skóladagatali-d

Erindi til skólanefndar, bréf frá Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri um kynningu á fagháskólanámi í leikskólafræði.

1. Skóladagatal.

Lögð voru fram drög að skóladagatali fyrir komandi skólaár 2023-2024.

Skóladagatalið er samræmt við dagatal Flúðaskóla. Í dagatalinu eru settar fram hugmyndir af kjarasamningsbundinni vinnutímastyttingu starfsmanna leikskólans. Skólanefnd samykkir skóladagatalið með þeim breytingum sem ræddar voru á fundinum.

2. Niðurstöður starfsmannakönnunar.

Ingveldur leikskólastjóri kynnti niðurstöður starfsmannakönnunar. Starfsmannakönnun er hluti af innra mati leikskólans. Hægt er að sjá niðurstöðurnar á heimasíðu leikskólans.

3. Skólanámskrá og starfsáætlun Undralands.

Ingveldur kynnti drög að endurbættri útgáfu af skólanámskrá Undralands og starfsáætlun leikskólans fyrir skólaárið 2022-2023.

Vinna þarf skólanámskráanna áfram og fellur það vel að þeirri vinnu sem verið er að vinna í tengslum við nýja skólastefnu.

Stefnt er að því að skólanámskrá og starfsáætlun fyrir skólaárið 2023-2024 verði tilbúin fyrir skólanefndarfund í september/október á næsta skólaári.

4. Sameiginlegir skólanefndarfundir leik-og grunnskóla

Formaður fór yfir hugmyndir af sameiginlegum skólanefndarfundum leik-og grunnskóla á næsta skólaári. Hugmyndin var rædd og samþykkt að skoða málið áfram.

KP

5. Erindi til skólanefndar, bréf frá Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri um kynningu á fagháskólanámi í leikskólafræði.

Farið var yfir bréf sem barst frá Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri um boð á kynningu á fagháskólanámi í leikskólafræði.

Skólanefnd telur það mjög jákvætt að stefnt er að fagháskólanámi í leikskólafræðum fyrir starfsfólk leikskóla og hvetur sveitarstjórn, fulltrúa skólanefndar og leikskólastjóra til að fá kynningu um málið. Skólanefnd telur mikilvægt að starfsmönnum verið gert kleift að stunda námið sé áhugi fyrir því.

Fundi slitið 18:10

Katrin Þorvaldsd.
Valdís Magnúsd
Halldóra Hjörkítel
Ragnheiður Kjartansdóttir
Aldur Halldórsson
Þórunn Víðar Jónsson
Jóny. Eiríksd.